

Atli Harðarson

Efahyggja, umburðarlyndi og íhaldssemi

Á árunum 360 til 270 f. Kr. var uppi heimspekingur suður í Grikklandi sem hét Pyrrhon og var kenndur við heimabæ sinn, Elís á norðvestanverðum Pelópsskaga, rétt hjá þeim stað sem Grikkir héldu Ólympíuleikana til forna. Sagan segir að hann hafi ferðast alla leið til Indlands með herjum Alexanders mikla og kynnst nöktu heimspekingunum þar.

Pyrrhon er iðulega talinn helsti upphafsmaður heimspekilegrar efahyggju. Eins og Sókrates, sem uppi var öld fyrr, eignaðist hann lærisveina og fylgismenn en skrifaði aldrei neitt svo hugmyndir hans eru einungis þekktar af frásögnum annarra.

Helstu heimildir sem varðveist hafa um efahyggju fornaldar eru rit læknis nokkurs sem hét Sextus Empiricus og var uppi um 200 árum eftir fæðingu Krists.¹ Hann taldi sig fylgismann Pyrrhons og kenndi mönnum að þeir skyldu lifa í sátt við óvissuna, enda væri það ekki í mannlegu valdi að öðlast neina örugga vitneskju. Trúr þeirri skoðun sinni að ekkert yrði vitað með vissu sagði hann að ekki væri einu sinni hægt að fullyrða að ekkert yrði vitað.

Efahyggja var öflug heimspekistefna allt frá dögum Pyrrhons til loka fornaldar. Fylgismenn hennar voru að vísu sundurleit hjörð en þeir áttu það sameiginlegt að vera á móti kreddufestu, trúarofsa og kokhraustri vissu og leita að sálarró og þroska með því að lifa í sátt við óvissuna.

Gríska orðið yfir efahyggjumann, *skeptikoi*, merkir rannsakanda: þann sem skoðar.

Pyrrhonistar litu ef til vill á sig sem rannsakendur ekki síður en sem niðurrifsmenn.

Rannsakendur hafa alltaf þurft að berjast gegn kreddufestu, bæði sinni eigin og annarra og tilgangur pyrrhonistanna var einkum að vinna gegn sjálfbirgingshætti og sleggjudómum.

Sextus orðaði þetta svo að rökum efahyggjumannsins sé ekki beint gegn öllum hlutum „heldur gegn hlutum sem ekki liggja ljósir fyrir og eru umfjöllunarefni hinna kredduföstu.“²

Saga grískættaðrar fornaldarheimspeki spannar þúsund ár. Ætli sé ekki næst réttu lagi að segja að henni ljúki með Agústínusi frá Hippó (354–430) þótt hann hafi ritað á latínu og ekki kunnað grísku. Ágústínus var á tímabili handgenginn heimspekilegri efahyggju. Síðar gerðist hann kristinn og lagði grundvöll þeirrar trúarlegu heimspeki sem mótaði andlegt líf á miðöldum. Þær stóðu í þúsund ár og allan þann tíma lágu rit Sextusar og söfnuðu ryki og fáir þekktu hugsanir Pyrrhons.

Heimspeki nýaldar varð raunar til þegar Evrópumenn kynntust á ný fornri efahyggju sem hafði að mestu verið gleymd allar miðaldir.³ Þáttaskil urðu þegar rit Sextusar voru prentuð og gefin út árið 1562.⁴ Eftir það varð efahyggjan mikilvæg hreyfing í heimspeki einkum fyrir áhrif frá frönskum rithöfundum sem hét Michel de Montaigne (1533–1592).⁵

Undir lok 16. aldar voru rök pyrrhonista orðin kunn stórum hópi evrópskra menntamanna, enda voru rit Montaigne vinsæl og víða lesin. Þegar blómaskeið vestrænnar heimspeki hófst á 17. öldinni tókust stórlaxar á borð við Thomas Hobbes (1588–1679), René Descartes (1596–1650), Blaise Pascal (1623–1662), Benedict Spinoza (1632–1677), John Locke (1632–1704) og Pierre Bayle (1647–1706) á við þessi rök og bættu nýjum við. Þessi glíma við efan held

¹ Aðrar heimildir sem varðveist hafa um efahyggju fornaldar eru þessar helstar: Ævisaga Pyrrhons eftir Diogenes Laertius (3. öld f. Kr.), samræðan *Academica* eftir Cicero (106 - 43 f. Kr.) og ritið *Contra Academicos* eftir Ágústínusi frá Hippó (354 - 430 e. Kr.).

² Sextus 1985, bls. 86. Sjá líka sama rit bls. 128.

³ Um þetta efni, sjá Popkin 2003 bls. xx.

⁴ Popkin 2003, bls. 18.

⁵ Popkin 2003, bls. 35.

áfram á 18. öld hjá George Berkeley (1685–1753), David Hume (1711–1776), Immanuel Kant (1724–1804) og fjölda heimspekinga sem ekki hafa öðlast sömu frægð.

Efahyggjan sem Montaigne endurvakti átti mikinn þátt í því að þekkingarfræði varð meginviðfangsefni nýaldarheimspeki. Hún snýst öðru fremur um hvað menn geta vitað og hvort og þá hvernig þeir geta aflað þekkingar.

*

Í nýjustu ljóðabók sinni, *Dyrum að draumi*, yrkir Þorsteinn frá Hamri um sjálfbirgingsleg svör og kokhrausta vissu:

Með stroknu fasi
ilma í dag af dásemd
hin sjálfbirgu svör.
Á morgun dreifa þau
hatri, sprengjum og heimsku.⁶

Svipuð hugsun og finna má í þessu ljóði kemur allvíða fyrir í skrifum Michels Montaigne. Hann lifði tíma trúarofsókna og heiftúðugra deilna milli mótmælenda og kaþólikka, átti vini í báðum hópum og notaði efahyggjuna til að bera klæði á vopnin. Efinn sem hann mælti fyrir var því tilraun til að svara erfiðustu spurningunni í stjórnmálum samtímans: Hvernig geta ólíkir trúflokkar lifað saman í friði?

Montaigne hafði nokkur áhrif, meðal annars á Nantestilskipun Hinriks 4. Frakkakonungs sem gefin var út árið 1598, en hún veitti húgenottum þegnrett í Frakklandi, leyfi til að iðka trú sína og yfirráð yfir 200 víggirtum borgum.⁷ Efahyggjurökin sem hann kynnti í ritgerðum sínum fengu hljómgrunn meðal annars vegna þess að kaþólikkar nýttu þau gegn mótmælendum og mótmælendum gegn kaþólikkum. Báðum var í mun að vefengja tilkall hinna til þekkingar á vilja skaparans og hinstu rökum tilverunnar. Fyrir þessa sök lentu rökræðutól hinna fornu pyrrhonista í vopnabúri lærdómsmanna, bæði í hópi kaþólikka og mótmælenda, og urðu hluti af þeirri rökræðulist sem menntamenn höfðu á hraðbergi. Evrópumenn lærðu aftur að efast með uppbyggilegum hætti.⁸

Montaigne var um margt aðdáunarverður maður. Meðan hin sjálfbirgu svör voru notuð til að réttlæta pyntingar og meintir trúvillingar og galdrakerlingar voru brennd á báli notaði hann stílsnilld sína og gáfur í þágu friðar og mannúðar. Í einni ritgerða sinna segir hann frá því þegar hann hitti fanga, gamla konu sem var sökuð um galdra. Hann segir að sér hafi fremur virst hún vera geðsjúklingur en glæpamaður og rökin fyrir sekt hennar engan vegin örugg. „Eins og Ágústínus hallast ég að þeirri skoðun“ sagði hann „að um efni þar sem erfitt er að koma neinum sönnunum við sé mönnum betra að ala með sér efa en vissu.“ Síðan bætir hann við spurningu sem er kannski dæmigerð fyrir hugsun hans og stúl: „Hafa menn ekki fullmikla trú á tilgátum sínum ef þeir telja þær gefa sér rétt til að brenna fólk lifandi?“⁹

Efahyggja í nafni mannúðar og umburðarlyndis, eins og við kynnumst hjá Montaigne, fyrirfinnst víða og hún er sem betur fer ennþá til. Henni bregður til dæmis fyrir í nýlegri samtalsbók sem hefur verið þýdd á íslensku og heitir *Tuttugasta öldin og lærdómar hennar*. Þar talast við japanski búddistinn og heimspekingurinn Daisaku Ikeda og Mikhail Gorbatsjov sem var aðalritari sovéska kommúnistaflokksins og forseti Sovétríkjanna á 9. áratug síðustu

⁶ Þorsteinn frá Hamri 2005, bls. 23.

⁷ Popkin 2003, bls. 47.

⁸ Popkin 2003 bls. 51 o. áf.

⁹ Montaigne 1987, bls. 1169.

aldar. Meðal þess sem þeir tala um er skoðanahroki fáfræðinnar „sem stundum fær stjórnámálamenn til að framkvæma hryllilega og grimma hluti.“¹⁰

Mér sýnist líka kveða við svipaðan tón hjá norska heimspekingnum Arne Næss sem ritað hefur ágæta bók um efahyggju. Þar segir hann:

Það má færa rök að því að yrði efahyggja útbreidd, jafnvel þótt aðeins væri um að ræða brotakennda og lítt heimspekilega efahyggju, þá hefði það mikilvægar afleiðingar fyrir samfélagið. Hún mundi grafa undan lokuðum samfélögum sem gera kröfu um fylgi við tilteknar kenningar og hafna andmælum gegn þeim með kerfisbundnum hætti. Í samfélögum sem eru meira eða minna opin ætti efahyggjan að hjálpa til að stokka upp pólitíska forgangsröð og eyða rökum sem byggja á ósveigjanlegri hugmyndafræði og eiga sé enga stoð í hugsunum og tilfinningum sem kvikna með náttúrulegum hætti.¹¹

Kokhraust vissa og sjálfbirg svör dreifa stundum hatri sprengjum og heimsku eins og Þorsteinn frá Hamri segir. Meðal annars þess vegna er þörf fyrir efasemdammenn. En ég væri lítill efahyggjumaður ef ég léti staðar numið við þessa niðurstöðu. Má ekki líka vefengja kosti efans? Hefur hann ekki sínar slæmu hliðar rétt eins og trúgirninn?

Stundum er stutt milli umburðarlyndis og tómlætis, gáfulegra efasemda og úrræðaleyfis. Þarf ekki stundum sterka trú og sannfæringu til að koma góðum hlutum til leiðar? Kannski þurfa sannfæringarkraftur og efi stöðugt að togast á. Ef til vill er best að sumir hafi þá gáfu að trúa og aðrir þá gáfu að efast og taka flestu sem sagt er með hæfilegum fyrirvara. Þegar sannfæring þeirra fyrrnefndu gengur út í öfgar og verður að skoðanahroka fáfræðinnar, þá er þörf fyrir rödd efasemdamma og pyrrhonista.

Fyrir tveim árpúsundum spurði Aristókles frá Messínu pyrrhonista hvað héldi aftur af manni sem ekki teldi sig hafa vissu fyrir því að neitt sé í raun og veru illt, skammarlegt eða óréttlátt.¹²

Grimmd hefur vissulega oft verið réttlætt með langsóttum rökum og kenningum manna sem þykjast hafa svör við öllum gátum tilverunnar. Efahyggja hefur stundum grafið undan svoleiðis mannlátum. En hún getur grafið undan hvaða sannfæringu sem er. Montaigne vefengdi rök fyrir frumpekilegum og trúarlegum kenningum en hann vefengdi ekki að grimmd sé slæm. Ef allt sem við teljum okkur vita um rétt og rangt, gott og illt, er vefengt hvaða rök eru þá gegn því að brenna gamla konu lifandi?

Sá sem ekki þorir að efast verður sjálfsgætt aldrei annað en þröngsýnn kreddumaður. Sá sem aldrei þorir að trúa neinu verður líklega stefnulaus vingull sem kemur fáu góðu til leiðar. Montaigne var hvorki þröngsýnn né stefnulaus.

Um þetta segir Ungverjinn Petr Lom „Efahyggja er aldrei ótakmörkuð, hún er alltaf blanda af vafa og skoðun og það eru skoðanirnar sem efahyggjumaðurinn heldur fram í bland við efann sem ákvarða niðurstöður hans.... það er full ástæða til að efast þegar einhver lýsir sjálfum sér sem efahyggjumanni.“¹³

Efahyggjan hefur afleiðingar vegna þess að hún endurraðar skoðunum, breytir forgangsröð þeirra. Þessar afleiðingar hafa oft verið á þá leið að stuðla að umburðarlyndi. Þær hafa líka oft verið á þá leið að draga úr nýjungagirni og trú á mjög róttækar og stórfenglegar kenningar. Arne Næss heldur því fram að flestir efahyggjumenn hafi verið íhaldsmenn í stjórnámálum.¹⁴ Ég hugsa að þetta sé rétt hjá honum og tilhneiging efahyggjumanna til íhaldssemi sé engin tilviljun fremur en tilhneiging þeirra til umburðarlyndis.

¹⁰ Gorbatsjov og Ikeda 2006, bls. 15.

¹¹ Naess 1968, bls. 74.

¹² Lom 2001, bls. 5.

¹³ Lom 2001, bls. 91-92.

¹⁴ Naess 1969, bls. 64-5.

Trúgjarnir menn fyllast oft því meiri sannfæringu því langsóttari sem trú þeirra verður og heillast meira af hátimbraðri kenningarsmíð en hversdagslegum sannindum. Dæmigerðir efahyggjumenn yppta hins vegar öxlum yfir öllum stóra sannleik, útópíum og allsherjarlausnum. Þessi tilhneiging er líklega að jafnaði andstæð bæði róttækni og óbilgirni og í senn hliðholl íhaldssemi og umburðarlyndi.

Rit

- Gorbatsjov, Mikhail og Ikeda, Daisaku. 2006. *Tuttugasta öldin og lærdómar hennar*. (Íslensk þýðing Birgittu Jónsdóttur og Jóns Karls Stefánssonar.) Skrudda. Reykjavík.
- Lom, Petr. 2001. *The Limits of Doubt – The Moral and Political Implications of Skepticism*.
- Montaigne, Michel de. 1987. *The Complete Essays* (Ensk þýðing M. A. Screech.) Penguin Books. London
- Naess, Arne. 1968. *Scepticism*. Universitetsforlaget. Oslo.
- Popkin, Richard. 2003. *The History of Scepticism from Savonarola to Bayle*. Oxford University Press. Oxford.
- Sextus Empiricus. 1985. *Selections from the Major Writings on Scepticism, Man & God*. (Ensk þýðing Sanford G. Etheridge). Hackett Publishing Company. Indianapolis.
- Þorsteinn frá Hamri. 2005. *Dyr að draumi*. Mál og menning. Reykjavík.